



# Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1247

## FUNDARBOÐ

**1247. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
24. janúar 2017 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1701261 - Skýrsla bæjarstjóra**

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 22. nóvember síðastliðnum.

#### Afgreiðsla til staðfestingar

**2. 1606083 - Reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar síðastliðinn reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega vegna ársins 2017 og vísaði til bæjarstjórnar.

Reglurnar fela í sér þær breytingar að afsláttur eða niðurfelling fasteignagjalda vegna tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega verði framvegis miðaður við nýjustu álagningu ríkisskattstjóra og verði endanlegur í upphafi árs.

**3. 1701216 - Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Dalbrautar -Þjóðbrautar verði auglýst til kynningar á tímabilinu frá 26. janúar til og með 3. febrúar 2017.

**4. 1701210 - Aðalsk. - Sementsreitur, breyting**

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Sementsreits verði auglýst til kynningar á tímabilinu frá 26. janúar til og með 3. febrúar 2017.

**5. 1701211 - Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata 102 breyting**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að sérákvæði greinargerðar gildandi deiliskipulags Stofnanareits vegna Vesturgötu 102 verði breytt.

Núverandi sérákvæði er svohljóðandi:

"Vesturgata 102 og 104, lóð vistheimilis fatlaðra. Gert er ráð fyrir að stækkun þessa heimilis geti orðið á lóð nr. 104, þá einnar hæðar bygging."

Tillaga um sérákvæði er svohljóðandi:

"Á Vesturgötu 102 er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi, þjónustustofnun og/eða íbúðum í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi. Einnar hæðar byggingar."

**Fundargerðir til kynningar**

**6. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð**

3201. fundargerð bæjarráðs frá 12. janúar 2017.

**7. 1701007 - Fundargerðir 2017 - skóla- og frístundaráð**

53. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 17. janúar 2017.

**8. 1701006 - Fundargerðir 2017 - velferðar- og mannréttindaráð**

53. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. janúar 2017.

**9. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisráð**

52. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 19. janúar 2017.

**10. 1601012 - Fundargerðir 2016 - Orkuveita Reykjavíkur**

238. fundargerð Orkuveitu Reykjavíkur frá 12. desember 2016.

20. janúar 2017  
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri.